

Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

Egilsstaðir, 28. desember 2022
UST202205-022/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 7.12.2022 – Benchmark Genetics Iceland hf., Kollafirði

Þann 7. desember sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Kollafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Starfsleyfi heimilar ársframleiðslu allt að 20 tonnum. Framleiðsla ársins 2020 var umfram það eða rétt rúm 20 tonn. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila dags. 31.3 sl. áætla rekstraraðili að minnka umfang á árinu 2021 til að vera innan marka leyfis.

Framleiðsla ársins 2021 var innan marka starfsleyfis. Frávikinu er því lokað.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

1. Misræmi er á milli upplýsinga í ársyfirliti og grænu bókhaldi um losun níturs frá stöðinni árið 2021.
2. Rekstraraðili er hvattur til að girða alla lóðina af til að hindra aðgengi óviðkomandi að stöðinni.

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu er varðar:

1. Gr. 3.1 í starfsleyfi sem var í gildi árið 2021. Losun fosfórs frá stöðinni var, árið 2021, umfram heimiluð mörk í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 19. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri